

Fréttabréf



10. ÁRGANGUR // 1. TÖLUBLAÐ // JANÚAR 2012

**Umsóknir um orlofsdvöl
Lóðir í Öndverðarnesi
Tillaga uppstillingar-
nefndar**

Afslættir til félagsmanna

Á heimasíðu FIT er hnappur sem vísar á afsláttarkjör sem félagsmönnum FIT bjóðast. Nú eru skráð þar nærri 50 fyrirtæki sem veita félagsmönnum afslátt gegn framvísun á félagsskírteini í FIT. Flestir afslættirnir eru á bilinu 5% til 15%. Við vekjum sérstaka athygli á að inni á orlofshúsavefnum undir upplýsingar er hægt að sækja um sérafslátt á eldsneyti hjá Olís. Félagsmenn FIT eru hvattir til að beina viðskiptum sínum til fyrirtækja sem bjóða afsláttarkjör.

Bridge

Spilað er í salnum á 6. hæð í Borgartúni 30 annan hvern fimmtudag kl 19:30

Mótaröð fram á vorið 2012 er eftirfarandi:

5.-19. janúar - Tvímenningssmótið

2.-16. febrúar - Fagfélagsbikarinn

1.-15.-29. mars - Aðalsveitakeppnin

13. apríl - Einmenningur og uppgjör vetrarins.



Út í bláinn


„Út í bláinn“ er ferðahópur FIT og Fagfélagsins og eru félagsmenn og fjölskyldur þeirra hvattir til að nýta sér ferðirnar sem eru þátttakendum að kostnaðarlausu - einungis þarf að koma með góða skapið og ævintýraþrána. Miðað er við að ferðir verði ávallt síðasta sunnudag mánaðarins fram til maí. Mæting er við Borgartún 30 kl. 13. Oftast er farið í léttar gönguferðir þar sem fræðst er um það sem fyrir augu ber og slegið á léttu strengi. Frekari upplýsingar fást á þjónustuskrifstofunni í síma 535 6000.

Fréttabréf FIT
1. tbl. 10. árg. jan. 2012



Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Umbrot og prentun: prentun.is

Nýr orlofshúsabæklingur



Orlofshúsabæklingur FIT fyrir árið 2012 er kominn út og fylgir fréttabréfinu. Að þessu sinni er boðið uppá 30 orlofsíbúðir, auk íbúðar í Reykjavík sem er í dagsleigu. Einnig íbúð á Spáni sem er í tveggja vikna leigu, hús á Florida sem er í dagsleigu og tjaldvagna sem eru í sex daga leigu. Þá verða í boði afslættir

á ferðum með ferðaskrifstofum, afsláttarmiðar vegna hótलगistinga, veiðikortið og fleira. Ópið verður fyrir sumarumsóknir á heimasíðu FIT frá 1. til og með 29. febrúar og tilkynnt um úthlutun 7. mars. Félagsmenn FIT eru eindregið hvattir til að nýta sér einhvern af þeim möguleikum sem þarna eru í boði.

Leigureglur fyrir húsið í Florída

Til að tryggja að ekki verði um misnotkun að ræða á leigu á húsinu í Orlando gildir sú regla að þegar sóttur er lykill að húsinu á skrifstofuna í Borgartúni 30, verður leigjandi að framvísa flugmiða til USA sem sýnir veru hans þar á sama tíma og hann er að leigja húsið. Þessi framgangsmáti er til að tryggja að leigjandinn í hverju tilfelli, sé sjálfur að fara í húsið.

Minnum á að opnað er fyrir leigu á húsinu á Florída á orlofsvefnum í byrjun mars árlega og því verður opnað fyrir árið 2013 fimmtudaginn 1. mars kl. 13:00. Fyrstur pantar, fyrstur fær.

Golfmót Samiðnar

Ekki liggur fyrir ennþá hvar og hvenær golfmót Samiðnar verður haldið en vonandi verður það fljótlega. Mótið verður jafnframt innanfélagsmót aðildarfélaganna og eru félagsmenn FIT hvattir til að taka þátt. Nánari upplýsingar verða í næsta fréttabréfi eða á heimasíðu FIT, www.fit.is þegar nær dregur.



Samningar halda, laun hækka um mánaðamót



Á fjölmennum fundi trúnaðarmannaráðs FIT þann 17. janúar kom fram mikil gremja í garð ríkisstjórnarinnar fyrir að standa ekki við þær yfirlýsingar sem hún gaf í tengslum við gerð kjarasamninganna 5. maí á síðasta ári.

Aðgerðir ríkisvaldsins til að efla atvinnulífið með atvinnusköpun og opinberum framkvæmdum hafa látið á sér standa. Ekki hefur orðið úr loforðum um að ljúka við gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Vilyrði um að ráðist yrði í aðgerðir til að jafna lífeyrisrétt hafa snúist upp í andhverfu sína. Nýir skattar ógna áunnum réttindum almennra lífeyrisþega en þyngja um leið þann kostnað sem launþegar og skattgreiðendur bera af lífeyriskerfi opinberra starfsmanna.

Engu að síður var það mat trúnaðarmannaráðs fundarins að ekki væri rétt að nýta heimild í endurskoðunarákvæði til að segja upp kjarasamningum frá og með 20. Janúar og þrátt fyrir vanefndir ríkisvaldsins yrði ekki fram hjá því litið að forsendur samningsins hafa staðist varðandi það sem snertir samskipti launafólks og atvinnurekenda.

Kaupmáttur launa hefur þrátt fyrir allt aukist lítillega á samningstímanum meðal okkar félagsmanna og ljóst að mikil verðmæti liggja í þeim launahækkunum sem framundan eru um næstu mánaðamót og síðar á samningstímanum.

STÖNDUM VÖRD UM KAUPMÁTTINN

Sömu sjónarmið voru ríkjandi á miðstjórnarfundum Samiðnar þann 19. janúar. Þrátt fyrir að skorti á efndir ríkisstjórnarinnar lagði miðstjórn Samiðnar það til við samninganefnd ASÍ að kjarasamningunum yrði ekki sagt upp að svo komnu máli.

Miðstjórnin samþykkti jafnframt áskorun til ríkisstjórnarinnar um að taka sér tak og standa við gefin fyrirheit. Hafi ríkisstjórnin ekki pólitískan kraft og vilja til að takast á við jafn brýnt verkefni og eflingu atvinnulífsins, beri henni að víkja og boða til kosninga sem fyrst. Þjóðin hafi ekki efni á að bíða lengur eftir aðgerðum.

Á fundi samninganefndar ASÍ kom svo í ljós að eftir miklar umræður innan allra aðildarfélaga ASÍ var yfirgnæfandi stuðningur við þessi sjónarmið. Þau atriði samninganna sem snerta samskipti milli launafólks og fyrirtækja hafa gengið eftir. Einnig eru nú skilyrði til þess að kaupmáttur almennra launa geti hækkað þriðja árið í röð. Það er mikilvægt að verkalýðshreyfingin standi vörð um það markmið. Því er ekki forsvaranlegt að segja upp kjarasamningnum þrátt fyrir vanefndir ríkisstjórnarinnar.

Kjarasamningarnir munu því halda gildi sínu og umsamdar launahækkanir koma til framkvæmda frá næstu mánaðamótum

TÆKIFÆRI FRAMUNDAN SEM ÞARF AÐ NÝTA

Það hefur gengið á ýmsu í samskiptum verkalýðshreyfingarinnar við ríkisvaldið síðustu mánuði og er óhætt að segja að samskipti þessara aðila hafi verið með verra móti en mörg undanfarin ár. Sú staða er mikið áhyggjuefni. Hins vegar má það ekki dragast frekar að ríkisstjórnin snúi sér að þeim mikilvægu verkefnum í atvinnumálum sem þola ekki lengri bið. Það er ástæða til að ætla að ýmsir möguleikar opnast á næstunni til að koma þjóðfélaginu tiltölulega fljótt á rétta braut, koma atvinnulífinu á skrið og draga verulega úr því mikla atvinnuleysi sem hér hefur verið í rúmlega þrjú ár. Þá möguleika þarf að nýta og þeim má ekki glutra niður vegna óeiningar og ómarkvissra vinnubragða á Alþingi og í ríkisstjórn.

Mestu skiptir að ríkisstjórnin og Alþingi láti það ekki tefjast frekar að staðfesta rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem unnið hefur verið að í tíu ár. Áætlunin getur lagt grunn að atvinnuuppbyggingu í sátt við náttúruna næsta áratug. Sú uppbygging getur verið á næsta leiti. Ef ríkisstjórnin heldur vel á spöðunum og lýkur við þau verk sem hún þarf að vinna í vetur getum við horft fram á bjartari tíma í atvinnu- og efnahagslífinu strax í vor.

Hilmar Harðarson, formaður FIT

Allar umsóknir á vefnum

Í ár verður ekki sent út umsóknareyðublað fyrir sumarúthlutun, heldur er eingöngu sótt um á netinu. Þetta gildir fyrir alla orlofskosti sem sækja þarf um. Opnað verður fyrir umsóknir miðvikudaginn 1. febrúar og lokað miðvikudaginn 29. febrúar. Einnig má senda tölvupóst á orlof@fit.is þar sem óskir umsækjenda eru tíundaðar. Þeir sem ekki hafa tök á að sækja um rafrænt geta í þess stað sent skriflegar óskir til Félags iðn- og tæknigreina, Borgartúni 30 105 Reykjavík. Slíkar umsóknir þurfa að hafa borist fyrir 29. febrúar. Ekki verður tekið við umsóknum í síma.

Allir eiga svo að vera búnir að fá svar 7. mars og þeir sem fá úthlutun þurfa að hafa greitt 21. mars og þann 22. mars verður það sem ekki leigist sett á orlofsvefinn og þá gildir fyrstur kemur, fyrstur fær.

Þegar sótt er um rafrænt þarf að setja inn kennitölu og lykilorð og velja fyrst hús og svo tímabil. Félagsmenn eru hvattir til að sækja um sem flesta orlofskosti til að auka möguleika sína.

Sumarleiga orlofshúsa innanlands hefst föstudaginn 8. júní. Leigutímabil er frá kl. 16:00 á föstudegi til 12:00 næsta föstudag. Verð á vikuleigu verður kr. 20.000.

Tjaldvagnaleiga verður í sumar líkt og undanfarin ár. Leigan er frá fimmtudegi til miðvikudags og er kr. 15.000.

Húsið á Spáni verður leigt á kr. 60.000.- fyrir 2 vikur. Skiptidagar verða á miðvikudögum. Sumarleiga hefst 16. maí og lýkur 22. ágúst. Hvert tímabil er hálfur mánuður.

Reglur um endurgreiðslu. (annað en húsið í Orlando) Alltaf er haldið eftir 10% af leigu og punktafrádráttur ef um var að ræða forgangsúthlutun.

Endurleigist húsið eða vagninn er allt nema 10% endurgreitt sem inneign á orlofsvef FIT.

Ferðaávisanir. Líkt og undanfarin sumur verður boðið uppá ferðaávisanir á vegum Úrvals-Útsýnar, Plúsferða og Sumarferða. Sækja þarf um og sá sem fær úthlutun þarf að greiða kr 5.000.- en fær í staðinn afsláttarkóða upp á kr. 35.000.- sem hann slær inn við kaup á ferð hjá einhverju af áðurtöldum ferðaaðilum.



Miðasala. Minnum einnig á „miðasöluna“ á orlofsvef FIT. Þar verður hægt að kaupa afsláttarmiða á hótलगistingu og flugmiðum, einnig veiðikortið, golfkortið, útilegukortið og fleira ef samningar takast um góð kjör.

Orlando. Opnað verður fyrir leigu á húsinu í Orlando á Flórída vegna ársins 2013 þann 1. mars kl.13:00. Nauðsynlegt reyndist að hækka leiguna þar sem gjaldeyrisþróun hefur verið mjög óhagstæð. Minnt er á að húsið rúmar 12 manns og sól-arhringsleigan verður kr. 11.000.- auk þrifagjalds kr. 13.000.- á hverja leigu. Staðgreiða þarf leiguna en bókanir og greiðsla er á orlofsvef FIT.

REGLUR UM ENDURGREIÐSLU EF HÆTT ER VIÐ LEIGU Á HÚSINU Í ORLANDO

- Sé afbókað áður en 8 mánuðir eru í leigu er haldið eftir 10% af leigu.
- Sé afbókað síðar en meira en 6 mánuðir eru í leigu skal halda eftir 25% af leigu.
- Sé afbókað síðar, en meira en 4 mánuðir eru í leigu skal halda eftir 50% af leigu.
- Sé minna en 4 mánuðir í leigu er ekkert endurgreitt.
- Endurleigist húsið allt afbókunartímabilið er endurgreitt allt nema 10%.
- Endurleigist húsið hluta af afbókunartímabilinu eru 10% dregin af og endurgreitt hlutfallslega.

Allar nánari upplýsingar má finna í orlofsbæklingi FIT eða á heimasíðunni www.fit.is.

Golfkortið 2012

FIT mun bjóða uppá að félagsmenn geti keypt golfkortið 2012 á miðasölu orlofsvefsins í sumar. Einstaklingskort munu kosta kr.7.000.- í stað 9.000 og fjölskyldukort munu kosta kr.11.000.- í stað 14.000.

LÝSING

Golfkortið var stofnað árið 2010 og er megintilgangurinn að gera golfspilurum kleift á sem ódýrasta og auðveldasta hátt að spila golf í fríinu, á ferð sinni um landið eða einfaldlega til að prófa nýja velli, ásamt annari afþreyingu sem í boði er á hverjum stað.

Gerður hefur verið samstarfs-samningur um 31 golfvöll til spilunar á árinu 2012

Hægt er að fræðast nánar um golfkortið á vefsíðunni www.golfkortid.is

REGLUR VARÐANDI NOTKUN GOLFKORTSINS

Handhafi kortsins er sá eini er má nota kortið. Hafi kennitala ekki verið rituð á kortið er því er framvísað í fyrsta sinn, ber þeim er framvísar kort-

inu án kennitölu að greiða vallargjöld á þeim velli er hann framvísar kortinu. Sama gildir um fjölskyldukort þ.e. handhafa kortsins ber ávallt að vera með á velli er spilað er.

Fjölskyldukort miðast við tvo fullorðna og tvö börn yngri en 16. ára.

Kortið veitir heimild til spilunar á þeim völlum er tilgreindir eru, alla daga sem þeir eru opnir til spilunar fyrir almenning.


Athugið. Eingöngu má leika fyrir kl.15 á virkum dögum í Grindavík, Úthlíð og Ásatúni.

Korthafa ber að fara í einu og öllu að reglum hvers vallar.

Kortið veitir heimild til spilunar á þeim völlum er tilgreindir eru í handbókinni og á heimasíðunni. Heimilt er að spila á hverjum velli að hámarki 6 hringi innan ársins sem kortið gildir, þ.e 6 hringi á 9 holu velli, en þrjá hringi á 18 holu velli.

Hvert kort gildir til eins árs í senn, eins og gefið er upp á viðkomandi korti.

Sé kort ekki áritað með kennitölu þegar það er sýnt á velli, ber viðkomandi að árita það eða láta vallarstarfsmann árita það.



Trúnaðarráðsfundur

Svipmyndir frá fundinum sem haldinn var 17. janúar 2012



Lífeyrismál spurningar og svör

HVAÐ ER 3,5% VAXTAVIÐMIÐ LÍFEYRISJÓÐ- ANNA?

Þegar lífeyrissjóður er tekinn í tryggingafræðilegt mat, en það er skylda að gera það einu sinni á ári, er miðað við 3,5% ávöxtun á eignum sjóðsins í framtíðinni. Hér er ekki um raunverulega ávöxtun að ræða heldur viðmið. Í tryggingafræðilegu mati er lagt mat á hvort eignir sjóðsins muni duga í framtíðinni fyrir skuldbindingum sjóðsins. (Skuldbinding eru réttindi sjóðsfélaga)

3,5% vaxtaviðmiðið á eingöngu við um framtíðina en hefur ekkert með fortíðina að gera. Þegar lagt er mat á framtíðareignir er gert ráð fyrir að það náist að ávaxta eignirnar um 3,5% á ári umfram verðbólgu. Þetta þýðir ekki að sjóðurinn megi ekki fjárfesta í eignum sem bera lægri ávöxtun en 3,5% en sé það gert í miklum mæli hefur slíkt neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Það getur hins vegar verið skynsamlegt fyrir lífeyrissjóði að fjárfesta í öruggum bréfum þrátt fyrir að þau beri lægri vexti en 3,5%, ef ekki er mögulegt að fjárfesta í verðbréfum sem bera hærri vexti. Í slíkum tilfellum er gengið út frá að hægt sé að ná hærri ávöxtun á öðrum eignum sjóðsins. Í þessu sambandi er mikilvægt að horfa á allt eignarsafnið en ekki einstakar eignir.

En hvað gerist ef sjóðurinn nær ekki 3,5% vaxtaviðmiðinu til lengri tíma? Þá verður til ójafnvægi milli eigna og skuldbindinga og skuldbindingar verða meiri en eignirnar. Við slíkar aðstæður veitir sjóðurinn meiri réttindi en eignirnar geta staðið undir og ef slíkt ástand ríkir lengi, ber sjóðum að skerða réttindi. Slíkt ójafnvægi leiðir til þess að ekki er jafnvægi á milli þeirra sem eru komnir á lífeyri og þeirra sem eru enn að safna réttindum og ekki komnir á lífeyri. Sjóður sem ekki nær vaxtaviðmiðuninni yfir lengra tímabil og jafnar ekki milli eigna og skuldbindinga er að greiða út hærri lífeyri en eignirnar standa undir.

Lífeyrissjóðum er heimilt að kaupa verðbréf sem ekki ná 3,5% vöxtum en það skiptir miklu máli að vera með hærri ávöxtun þegar til lengri tíma er litið.

HVERNIG VERÐA LÍFEYRISRÉTTINDI TIL?

Öll þekkjum við að á launaseðlinum er frádráttarliður 4% iðgjald til lífeyrissjóðs og framlag atvinnurekenda 8% iðgjald.

Með iðgjaldinu ávinnum við okkur réttindi í lífeyrissjóðnum samkvæmt réttindatöflu sem er stað-



fest á ársfundum sjóðsins. Í jöfnu ávinnskukerfi er réttindaávinnslan jöfn allan innngreiðslutímann en í aldurstengdu réttindakerfi eru réttindin mismunandi eftir því hvenær á lífaldrinum við greiðum iðgjaldið til sjóðsins. Í aldurstengdu réttindakerfi gefa innngreiðslur í sjóðinn sem falla til á fyrri hluta ævinnar mun meiri réttindi en þær sem koma síðar og felst munurinn í mismunandi lengd á því tímabili sem sjóðurinn hefur iðgjaldið til ávöxtunar.

TÖKUM DÆMI UM HVERNIG ÞETTA GÆTI LITIÐ ÚT:

Fyrir hverja 10.000 innngreiðslu í sjóðinn fáum við 1200 kr. í ævilangan verðtryggðan lífeyri. Ef við gerum ráð fyrir að sjóðsfélagi hafi 5 milljónir í árstekjur er 12% iðgjald í lífeyrissjóðinn 600.000 kr. á ári. Þessari upphæð er breytt í réttindi sem gefur sjóðsfélaganum 72.000 kr. ævilangan ellilífeyri eða sem nemur 6000 kr. á mánuði svo lengi sem hann lifir. Almenn er miðað við 40 ára ávinnslutímabil til að ávinna sér full réttindi í lífeyrissjóði. Ef þetta tilbúna dæmi er skoðað áfram myndi þessi innngreiðsla gefa réttindi upp á 240.000 kr. ævilangan verðtryggðan ellilífeyri á mánuði en ekki er tekið tillit til ávinnings af ávöxtun sjóðsins eða verðbótum. Mikilvægt er taka fram að þetta er tilbúið dæmi og er eingöngu til að skýra hvernig réttindi verða til í lífeyrissjóðnum..

En hvað tekur langan tíma að fá þessar innngreiðslur í sjóðinn til baka í formi lífeyris? Eftir 10 ár á lífeyri erum við búin að fá endurgreiðslu miðað við 10.000 kr. innngreiðslu upp á 12.000 kr. og eftir 15 ár er hún 18.000 kr. Í þessu tilbúna dæmi er eins og áður ekki tekið tillit til ávinnings af ávöxtun og verðbótum. Sjóðsfélagi sem er lengur en 10 ár á lífeyri er því búinn að fá hærri upphæð í formi lífeyris en hann greiddi inn í sjóðinn í formi iðgjalds.

Lóðir í Öndverðarnesi

FIT auglýsir til sölu 4 sumarhúsalóðir í frístunda-
byggðinni í Öndverðarnesi.

Þær lóðir sem eru farnar eru nr. 1--2--3--4--9--
12--14. Fit hefur til sölu 4 lóðir af þeim sem eftir
eru, sjá teikningu.

Byggingaréttur kostar kr. 2.700.000 fyrir lóðina
Lóðaleiga er í dag ca. kr. 82.000 á ári. (lóðaleiga
fyrir 2012 er inni í byggingarétttagjaldi)

Umsóknir sendist á Kjartan Tómasson, kjartan@
fit.is sem einnig veitir frekari upplýsingar (535
6000)

Ef áhugi er á að skoða lóðirnar þá hafið sam-




band við Sigurð Heimi Sigurðsson starfsmann í
Öndverðarnesi í síma 8992346

Deiliskipulag frístundabyggðar

Mars: 2009

Mkv. 1:2.500




Er slys skyndilegur utanaðkomandi atburður?

Nokkrar umræður hafa verið um niðurstöður úrskurðarnefndar almannatrygginga og dómstóla sem fallið hafa launagreiðendum í hag í málum er varða vinnuslys og stöðu starfsmanna gagnvart bótum úr slysatryggingum. Dæmi eru um að starfsmenn hafi ekki fengið bætur t.d. vegna bakmeiðsla þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að slysið hafi orðið af völdum „skyndilegs utanaðkomandi atburðar“. Samkvæmt lögum um almannatryggingar (27 gr. nr. 100/2007) teljast slysatryggingar taka til vinnu, iðnnáms, björgunarstarfa, hvers konar íþróttæfinga, íþróttasýninga og íþróttakeppna, enda sé sá sem fyrir slysi verður tryggður, en með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. Hvernig „skyndi-

legur utanaðkomandi atburður“ er metinn felur því í sér, samkvæmt úrskurðarnefnd almannatrygginga og dómstólum, að ef starfsmaður heldur á þungri byrði og meiðist við það í baki þá telst það vera „innan mein“ eða vegna „venjulegrar notkunar“ en ekki „skyndilegur utanaðkomandi atburður“. Úrskurðarnefnd almannatrygginga og dómstólar hafa því lagt það til grundvallar úrskurðum sínum að eitthvað óvænt og utanaðkomandi þurfi að gerast í atburðarásinni til að um bótaskyld slys geti verið að ræða í skilningi laga um almannatryggingar.

Í ljósi þessa er ástæða til að hvetja starfsmenn til að gæta varúðar t.d. þegar þungum byrðum er lyft og kalla til aðstoð eða nota lyftubúnað því samkvæmt gengnum úrskurðum þá eru starfsmenn á eigin ábyrgð við þær aðstæður.

Gamla ljósmyndin



Úr smiðju Kaupfélags Árnesinga Selfossi. Diðrik Diðriksson vinnur við oliuverk



Ljósmyndir teknar á aðalfundi FIT 2011

Um kosningar í embætti hjá FIT

Í 17. GR. LAGA FÉLAGSINS SEGIR:

Fyrir aðalfundi ár hvert skal kjósa hluta stjórnar. Kosningu í embætti skal skipt milli ára þannig að annað árið sé kosinn formaður, ritari, fimm meðstjórnendur og tveir varamenn en hitt árið varaformaður, gjaldkeri, fjórir meðstjórnendur og þrír varamenn. Jafnframt skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga, uppstillingarnefnd og helming trúnaðarráðs árlega.

Fyrir 15. janúar ár hvert skal stjórn félagsins gera tillögu um uppstillingarnefnd sem starfar milli aðalfunda.

Uppstillingarnefnd skal skila listum að framboðum fyrir 15. janúar ár hvert.

Fyrir 1. febrúar skal kynna tillögur og kosningafyrirkomulag í fréttabréfi.

Félagsmenn geta boðið sig fram til einstakra embætta hafi þeir aflað sér 20 meðmælenda og skilað framboði fyrir 20. febrúar. Ef fleiri en ein tillaga kemur fram skal viðhöfð póstatkvæðagreiðsla eða rafræn kosning.

UM KOSNINGU Í TRÚNAÐARRÁÐ OG SAMNINGANEFND SEGIR Í 20. GREIN FÉLAGSLAGANNA:

Trúnaðarráð skal starfa í félaginu. Trúnaðarráð

gegnir hlutverki samninganefndar við gerð kjarasamninga.

Í trúnaðarráði skulu eiga sæti, auk félagsstjórnar, 37 félagsmenn og 37 til vara, sem kjörnir eru á sama hátt og félagsstjórn. Skulu þeir númeraðir frá 1 - 74 og kjörnir þeir sem hafa oddatölu annað árið og jafna tölu hitt árið. Þeir skulu endurspegla sem flestar starfsgreinar og svæði félagsins. Auk þess eiga trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum sæti í ráðinu sem og þeir aðrir sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

21. GREIN LAGANNA FJALLAR UM KJÖRSTJÓRN OG ER EFTIRFARANDI:

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast atkvæðagreiðslur um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur samkvæmt lögum félagsins.

Tveir kjörstjórnarmenn og tveir til vara skulu kjörnir af aðalfundi. Vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar samninganefnd þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

TILLAGA UPPSTILLINGAR- NEFNDAR FÉLAGS IÐN- OG TÆKNI- GREINA FYRIR AÐALFUND 2012

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM HLUTA STJÓRNAR TIL AÐALFUNDAR 2014.

Varaformaður: Tryggvi F. Arnarson
Gjaldkeri: Ármann Ægir Magnússon
Meðstjórnandi: Einar Þór Gíslason
Meðstjórnandi: Sveinn Jónsson
Meðstjórnandi: Andrés H. Hreinsson
Meðstjórnandi: Helgi Pálsson
Varamaður: Helgi Ólafsson
Varamaður: Logi Halldórsson
Varamaður: Rúnar Bogason

Tillaga uppstillingarnefndar fyrir aðal- fund 2012 um aðal- og varamenn í helming trúnaðarráðs til ársins 2014:

2. Kristján Þórðarson
húsasmiður, Vík
4. Kristján Geir Jóhannesson
bifvélavirki, Kópavogi
6. Kristinn Bjarnason
bifvélavirki, Reykjavík
8. Sigfús Birgir Haraldsson
bifvélavirki, Reykjavík
10. Magnús Sigurðsson
blikksmiður, Selfossi
12. Reynir Pálmason
bifvélavirki, Reykjavík
14. Finnur Traustason
málari, Reykjavík
16. Ása Jóhannsdóttir
garðyrkjum., Reykjavík
18. Guðmundur Ottósson
bifreiðasm., Reykjavík
20. Reynir Olgeirsson
blikksmiður, Reykjavík
22. Bjarni E. Gunnarsson
vélvirki, Akranesi
24. Benedikt Jónsson
garðyrkjum., Reykjavík
26. Birgir Gíslason
málari, Reykjavík
28. Hlynur Kristjánsson
húsasmiður, Reykjanesbæ
28. Stefán Agnarsson
vélvirki, Vestmannaeyjum
30. Árni Stefánsson
pípulagn., Reykjavík
32. Sveinbjörn Örn Arnarson
múrari, Mosfellsbæ
34. Ólöf Magnúsdóttir
tækniteiknari, Reykjavík
36. Ingigerður Magnúsdóttir
tækniteiknari, Mosfellsbæ

VARAMENN Í TRÚNAÐARRÁÐI TIL ÁRSINS 2014:

38. Gunnar Geir Ólafsson
bifvélavirki, Mosfellsbæ
40. Rúnar Breiðfjörð Ásgeirsson
bifvélavirki, Reykjavík
42. Eiríkur Gunnarsson
bifvélavirki, Reykjavík
44. Guðmundur B. Guðmundss.
húsasmiður, Reykjavík
46. Jón Kristinn Snorrason
málari, Reykjavík
48. Hjörtur Óli Sigurþórsson
blikksmiður, Reykjavík
50. Magnús Heiðar Þorgeirsson
blikksmiður, Reykjavík
52. Jón Kristinn Valsson
bifvélavirki, Kópavogi
54. Rúnar H. Hauksson
bifreiðasm., Reykjavík
56. Ellisif Malmo Bjarnadóttir
skrúðgarð., Selfossi
58. Grímur Björnsson
vélvirki, Akranesi
60. Ólöf Anna Ólafsdóttir
garðyrkjum., Reykjavík
62. Linda Þorvaldsdóttir
málari, Reykjavík
64. Sigurður Geirfinnsson
húsasmiður, Reykjanesbæ
66. Jóhannes Grettisson
húsasmiður, Vestmannaeyjum
68. Magnús Már Haraldsson
pípulagn., Reykjavík
70. Kristín Eva Harðardóttir
tækniteiknari, Reykjavík
72. Ingibjörg Kristín Valsdóttir
tækniteiknari, Mosfellsbæ

Tillaga uppstillingarnefndar um aðal- og varafulltrúa á aðalfund Festu lífeyrissjóðs árið 2012.

1. Ólafur Magnússon
Heiðargarði 24, Reykjanesbæ
2. Gunnlaugur Hauksson
Hjallagötu 1, Sandgerði
3. Hlynur Kristjánsson
Hlíðavegi 70, Reykjanesnesbæ
4. Logi Halldórsson
Smáratúni 27, Reykjanesbæ
5. Guðjón Þórhallsson
Lyngholt 20, Reykjanesbæ
6. Ásbjörn Árnason
Borgarbraut 3, Sandgerði

7. Sigurður Geirfinnsson
Greniteig 23, Reykjanesbæ
8. Sigmar Björnsson
Suðurgarði 22, Reykjanesbæ

.....

**TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM
AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND
SAMEINADA LÍFEYRISSJÓÐSINS ÁRIÐ 2012.**

1. Hilmar Harðarson
Grettisgötu 37, 101 Reykjavík
2. Tryggvi Arnarsson
Hraunbæ 96, 110 Reykjavík
3. Sveinn Ingason
Hólabraut 2, 220 Hafnarfirði
4. Ármann Ægir Magnússon
Lyngheiði 24, 810 Hveragerði
5. Georg Óskar Ólafsson
Grenimel 22, 107 Reykjavík
6. Helgi Pálsson
Miðhúsum 30, 112 Reykjavík
7. Valdimar Birgisson
Kirkjustétt 10, 113 Reykjavík
8. Einar Þór Gíslason
Fjörugranda 12, 107 Reykjavík
9. Vilhjálmur Gunnarsson
Laugarbraut 13, 300 Akranesi
10. Gunnar Björn Gunnbjörnsson
Melseli 4, 109 Reykjavík
11. Andrés Haukur Hreinsson
Sjávangötu 22, 225 Bessastaðahreppi
12. Sveinn Jónsson
Grundargerði 17, 108 Reykjavík
13. Þorsteinn Kristmundsson
Drekavellir 24b, 221 Hafnarfirði
14. Helgi Ólafsson
Skógarási 1, 110 Reykjavík
15. Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Dvergholti 27, 220 Hafnarfirði
16. Hermann Guðmundsson
Heiðarbæ 2, 110 Reykjavík
17. Kristján Geir Jóhannesson
Efstahjalla 9, 200 Kópavogi
18. Kjartan Tómasson
Ásakór 5, 203 Kópavogi

.....

**TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM
FULLTRÚA Á ÞING A.S.Í. ÁRIÐ 2012:.**

1. Hilmar Harðarson
2. Tryggvi Arnarsson
3. Sveinn Ingason
4. Ármann Ægir Magnússon
5. Gunnar Björn Gunnbjörnsson
6. Vilhjálmur Gunnarsson
7. Ólafur Magnússon
8. Georg Óskar Ólafsson
9. Helgi Pálsson
10. Valdimar Birgisson
11. Sveinn Jónsson
12. Einar Þór Gíslason
13. Rúnar Bogason

14. Helgi Ólafsson
15. Þorsteinn Kristmundsson
16. Andrés Hreinsson
17. Ólafur Kristinn Hafsteinsson
18. Kristján Þórðarson
19. Sigríður Runólfssdóttir
20. Logi Halldórsson
21. Kjartan Tómasson
22. Hermann Guðmundsson

.....

**TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR FYRIR
AÐALFUND 2012 UM KJÖRSTJÓRN TIL ÁRSINS
2013:**

- Aðalmenn: Maron Tryggvi Bjarnason,
bifvélavirki, Reykjavík
Kristinn Bjarnason
bifvélavirki, Reykjavík
- Varamenn: Ólafur Kristinn Hafsteinsson
bifvélavirki, Reykjavík
Arnar Helgason
húsasmiður, Hafnarfirði

.....

**TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR FYRIR
AÐALFUND 2012 UM FÉLAGSLEGA SKOÐUN-
ARMENN REIKNINGA TIL ÁRSINS 2013.**

- Aðalmenn: Birgir Gíslason
málari, Kópavogi
Ólafur Kristinn Hafsteinsson
bifvélavirki, Hafnarfirði
- Varamenn: Unnar Friðrik Sigurðsson
vélvirki, Akranesi
Sigfús Birgir Haraldsson
bifvélavirki, Reykjavík

.....

**TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM
AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND LÍF-
EYRISSJÓÐS VESTMANNAEYJA ÁRIÐ 2012.**

1. Rúnar Bogason
2. Stefán Agnarsson

.....

**TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM
AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND
LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA ÁRIÐ 2012.**

1. Ingólfur Rögnvaldsson
2. Ármann Ægir Magnússon.

.....

**TILLAGA STJÓRNAR UM
UPPSTILLINGARNEFND 2012**

- Einar Þór Gíslason, *bifreiðasmiður*
Ólafur Kristinn Hafsteinsson, *bifvélavirki*
Birgir Gíslason, *málari*
Heimir B. Janusarson, *garðyrkjumaður*
Guðmundur Bergsson, *húsasmiður*





MIKILVÆG ÁKVÖRÐUN

EKKI MISSA AF KJARABÓT

Séignarsparnaður tryggir þér mótframlag frá vinnuveitanda þínum. Vegna mótframlagsins og hagstæðrar skattlagningar stenst enginn sparnaður samanburð við séignarsparnað.

Taktu ákvörðun um að leggja fyrir í séignarsparnað annars missir þú í rauninni af umsömdum kjarabótum.

Kynntu þér þjónustu Sameinaða lífeyrissjóðsins á lifeyrir.is eða hringdu í síma 510 5000.



Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • S. 510 5000 • lifeyrir.is